

3. gr.

11. tölul. 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo: A.m.k. 5 kennslustundir í lausn verkefna, þar sem þátttakendur sanna kunnáttu sína í ofangreindum atriðum. Skal það gert í samráði við nefnd skv. 2. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 73/1997 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. mars 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 2/1999 um útgáfu húsbréfa á árunum 1999, 2000 og 2001 fyrir Íbúðalánasjóð, sbr. reglugerð nr. 607/1999, 115/2000, 651/2000 og 884/2000.

1. gr.

3. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar, með síðari breytingu, orðast svo: Húsbréfaflokkunum skal lokað eigi síðar en 1. september 2001.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 24. gr. og 29. gr. laga nr. 44/1998 um húsnaðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 8. mars 2001.

F. h. r.

Ingi Valur Jóhannsson.

Óskar Páll Óskarsson.

REGLUGERÐ

um bann við veiðum með fiskibotnvörpu suðvestur af Snæfellsnesi.

1. gr.

Allar veiðar með fiskivörpu eru bannaðar suðvestur af Snæfellsnesi á svæði sem markast af línunum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64°43'70 N - 24°14'00 V
2. 64°36'70 N - 24°19'40 V
3. 64°34'50 N - 24°18'50 V
4. 64°34'50 N - 24°23'00 V
5. 64°39'80 N - 24°23'20 V
6. 64°43'70 N - 24°19'00 V